

Niður úr skýjum fullorðinsáranna

Rannsókn á áhrifum húsgagna á leikskólanum Aðalþingi

Almar Alfreðsson

Listaháskóli Íslands
Hönnunar- og arkitektúrdeild
Vöruhönnun

Niður úr skýjum fullorðinsáranna

Rannsókn á áhrifum húsgagna á leikskólanum Aðalþingi

Almar Alfreðsson
Leiðbeinandi: Tinna Gunnarsdóttir
Vorönn 2011

SAMANTEKT

Leikskólar geta verið misjafnir vinnustaðir og oft skapast umræður um langvarandi hávaða, líkamlega þreytu og orkuleysi. Í hönnunarnámi er talað um hversu mikil áhrif hönnun getur haft á fólk og umhverfi. Heimsókn í rannsóknarleikskólann Aðalþing í Kópavogi leiddi ýmislegt áhugavert í ljós. Skólinn tók til starfa árið 2009 og tekur meðal annars mið af aðferðarfræði Reggio Emilia þar sem umhverfið skiptir miklu máli. Í viðtali við starfsfólk var rætt um val og áhrif húsgagna í leik og starfi. Reynslan hefur sýnt þeim að hávaði og endurkast hljóðs er mismunandi eftir húsgögnum og að rétt uppröðun og val geti skipt sköpum, bæði fyrir starfsfólk og börn. Þrátt fyrir ungan aldur er margt í umhverfinu sem gerir leikskólanum erfitt fyrir en reynsla og þekking starfsmanna hefur náð að gera hann að áhugaverðum leikskóla sem verðugt var að skoða nánar.

Talað var við Kópavogsbæ og rætt um hver aðkoma þeirra var að byggingu og vali húsgagna á Aðalþing. Fram kom að mjög óheppilega hafi verið staðið að málum, uppbygging húsnæðisins hafi stangaðist á við hugmyndafræði skólans og ekkert hafi verið hugsað út í hana þegar reksturinn var boðinn út. Einnig hefði mátt verja meiri tíma í val á húsgögnum. Jafnframt var talað við íslenska húsgagnaframleiðendur og innflytjendur en þar kom meðal annars fram að mikið er keypt eftir stöðluðum listum og lítið farið út fyrir hann. Verð skiptir miklu máli og dýrt er að prófa eitthvað nýtt. Ýmsar leikskólarannsóknir voru skoðaðar og samkvæmt Hagstofu dvelur mikill fjöldi barna 8 klst. eða lengur á leikskólum landsins á dag. Hugflæði höfundar og vangaveltur um hvaða kröfur gott leikskólahúsgagn þarf að uppfylla er tekið fyrir, jafnframt hvað gæti haft áhrif á Aðalþing og hvernig.

Í lokaniðurstöðum er meðal annars bent á að að nýta þurfi betur margra ára, jafnvel áratuga, leikskólareynslu starfsfólks í hönnun og framleiðslu hér á landi. Val Kópavogsbæjar á húsgögnum hefur ekki auðveldað starfið á leikskólanum en hugsanlega gert það að verkum að meira er nú hugsað út í hvað keypt er. Þegar á heildina er lítið má telja að húsgögn hafi mikil áhrif á umhverfið á Aðalþingi, bæði góð og slæm.

EFNISYFIRLIT

I. INNGANGUR	4
II. RANNSÓKNARLEIKSKÓLINN AÐALÞING	5
III. HUGMYNDAFRÆÐILEGAR STÖÐIR	7
IV. GENGID UM ÞINGIN	9
1. Fyrstu kynni	9
2. Leiðsögn leikskólastjóra	10
V. VÖRULISTINN	14
1. Aðalþing	15
2. Markaðurinn okkar	15
VI. RANNSÓKNIR OG REYNSLA	18
1. Málin rædd á þingi	18
2. Hugflæði	19
VII. NIÐURSTÖÐUR	21
HEIMILDASKRÁ	23
Prentaðar heimildir	23
Munnlegar heimildir	23
Vefheimildir	24
Myndaskrá	25

I. INNGANGUR

Eftir að ég hóf nám við Listaháskóla Íslands hefur mig alltaf langað að skoða innanstokksmuni í leikskólum með auga hönnuðar. Ástæðan er sú að sýn mín á umhverfið hefur breyst mikið og finnst mér val á innanstokksmunum geta haft veruleg áhrif á líf þeirra sem í kringum þá eru. Útundan mér hef ég síðan heyrt umræður um leikskóla og hversu misjafnir vinnustaðir þeir geta verið. Langvarandi hávaði, líkamleg þreyta og orkuleysi eru lýsingar sem fylgja oft í kjölfar slíkra umræðna. Þetta fékk mig til að hugsa um það hvort umhverfið geti virkilega haft svona mikil áhrif.

Eftirgrennslan leiddi mig á bloggsíðu Kristínar Dýrfjörð, leikskólakennara, en áhugi hennar á hljóðvist og áhrifum umhverfisins á börn og fullorðna varð til þess að ég setti mig í samband við hana. Þá kom í ljós að hún er að stýra tímabundið nýlegum leikskóla með mjög áhugaverða sýn og bauð hún mér í heimsókn. Markmiðin eru að kanna hvort húsgögn hafi áhrif á starfsemi Leikskólans Aðalþings, og á börn og kennara. Athuga hvort og þá hvernig hugmyndafræði leikskólans hafi áhrif á val og notkun innanstokksmuna. Skoða hvað er í boði hér á landi og hvað væri hægt að gera að mínu mati. Til að nálgast þessi markmið er í upphafi stutt almenn umfjöllun um Aðalþing og hugmyndafræðilegar stoðir. Einnig er reynt að draga það mikilvægasta fram í heimsókn minni á leikskólann og varpa ljósi á hvernig hugmyndafræðin hefur mótað umhverfið. Í framhaldi af því er fjallað um aðkomu Kópavogsbæjar við byggingu og innkaup húsgagna inn á Aðalþing. Því næst er íslenski markaðurinn skoðaður og talað við húsgagnaframleiðendur og innflytjendur húsgagna. Jafnframt greini ég frá áhugaverðum niðurstöðum rannsókna sem tengjast leikskólum og helstu punktum úr viðtali við starfsfólk Aðalþings. Að lokum er síðan stuttur kafli um það sem ég tel að þurfa að gera til að komast inn á leikskólahúsgagnamarkaðinn og hvaða húsgögn geti haft mest áhrif á umhverfið fyrir Aðalþing og eftir hverju eigi að fara.

Eftir að hafa farið yfir þessi helstu atriði geri ég grein fyrir minni skoðun á efninu, auk þess velti fyrir mér þeim atriðum sem mér finnst skipta máli í umfjöllum sem þessari.

II. RANNSÓKNARLEIKSKÓLINN AÐALÞING

Í Kópavogi, nánar tiltekið við Aðalþing 2, stendur leikskólinn Aðalþing, um 120 barna skóli sem hóf starfsemi í mars árið 2009. Kópavogsbær á húsnæðið og sér um allt viðhald en reksturinn er í höndum Sigöldu ehf. Núverandi leikskólastjóri er Kristín Dýrfjörð en hún gegnir því starfi uns Guðrún Alda Harðardóttir kemur úr námsleyfi.¹ Fjórar aldurskiptar deildir eru á Aðalþingi og bera nöfnin Spóaþing, Rjúpnáþing, Lóuþing og Hrafnáþing. Eins og aðrir leikskólar í Kópavogsbæ starfar skólinn samkvæmt aðalnámsskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs. Fram kemur á heimasíðu Aðalþings að tekið er mið af aðferðarfræði sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður-Ítalíu, en einkunnarorð þeirra eru ígrundun, lýðræði, náttúra og upplýsingatækni. Einnig kemur þar fram að stefnt sé að því að skólinn verði rannsóknarleikskóli í fararbroddi í leikskólastarfi en það þýðir meðal annars að notast er við fljótandi námskrá, þ.e. að öll námskráin sé skráð eftirá, en í hefðbundinni námskrá er allt skráð áður en starfið hefst. Jafnframt er öflugt upplýsingatæknistarf með öllum árgöngum leikskólans og leitast er við að nota ekki hefðbundin leikföng heldur opinn efnivið þar sem börnin fá að prófa nýja hluti, rannsaka og spyrja spurninga.² Gildin sem leikskólinn leggur áherslu á eru mannhelgi, virðing, hlustun, framsækni, umönnun og áskorun.³ Í drögum að nýrri Aðalnámsskrá leikskóla stendur:

Húsnæðið þarf að vera skipulagt þannig að það stuðli að samskiptum milli barna, milli starfsfólks og barna og milli starfsfólks og foreldra [...] Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.⁴

Á Aðalþingi er reynt að búa til flæði milli allra deilda en það er gert til að sköpunargáfa barnsins fái að njóta sín án afmarkana. Þar eru svokallaðar námsstöðvar sem eru mikið notaðar af skólum sem starfa í anda Reggio Emilia, en markmið þeirra er að gera börnunum kleift að þroska meðal annars skynfæri og forvitni. Því eldri sem börnin eru því flóknari verða námsstöðvarnar og hafa elstu börnin til dæmis verið að rannsaka rafmagn og hvernig það knýr hluti áfram. Áhersla er lögð á að unnið sé með raunverulega hluti en ekki eftirlíkingar og

¹ Sigalda ehf., forsíða; <http://sigalda.is/index.php?option=com_content&view=frontpage&Itemid=1>, skoðað 1. desember 2010.

² Um Aðalþing; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/>>, skoðað 1. desember 2010.

³ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 3.

⁴ Aðalnámsskrá leikskóla-drög, námsumhverfi; <<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/leikskolar--namskrardrog/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 12.

kemur efniviður skólans oft frá Efnisveitunni, heimilum barna og kennara, Góða hirðinum og umhverfinu í kringum skólann.⁵ Tölvur og önnur tækni er áberandi á Aðalþingi en í starfsáætlun skólans kemur fram að lögð sé mikil áhersla á upplýsingatækni og að hún sé mikilvægt hjálpartæki til að skólinn geti náð settum markmiðum. Í hugmyndafræði skóla sem starfa í anda Reggio Emilia er hægt að sjá merki um mikilvægi sjálfbærni og „í Aðalþingi er horft til víðrar skilgreiningar á sjálfbærni og í samræmi við það unnið með hana þvert á allt starf leikskólans.“⁶

⁵ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 8.

⁶ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 5-6.

III. HUGMYNDAFRÆÐILEGAR STÖDIR

Eins og fram hefur komið tekur Aðalþing mið af aðferðafræði Reggio Emilia og eru nokkrir slíkir skólar á Íslandi í dag.⁷ Til að komast að því hvað gerir hugmyndafræði Reggio Emilia áhugaverða þarf að byrja á því að skoða Loris Malaguzzi en hann var maðurinn á bak við hugmyndafræði dagheimilanna í borginni Reggio Emilia. Malaguzzi var sálfræðingur og kennari að mennt en hann gagnrýndi vestræna skóla og menningu og sagði það upphafningu á kerfishugsun.⁸ Hann orti ljóð þar sem þessi gagnrýni kom greinilega fram:

Barn hefur hundrað mál
en frá því eru tekin níutíu og níu.
Skóli og menning
aðskilur höfuðið frá líkamanum.
Við neyðumst til að hugsa án líkama
og starfa án höfuðs.
Leikurinn og vinnan
veruleikinn og ímyndunaraflið
vísindin og hugarheimar
er gert að andstæðum.⁹

Stór þáttur í aðferðafræði Reggio Emilia eru rannsóknir á umhverfinu í kringum börn og starfsfólk en þetta ferli getur staðið yfir í einn dag eða marga mánuði. Rannsóknarferlið er skipulega skráð niður og síðan notað til stuðnings við næstu rannsóknarvinnu. Viðfangsefnið þarf að vera ögrandi að mati Malaguzzi, því þá reynir á hugsun og hugmyndir barnanna. Markviss þjálfun skynfæra í menntun og uppeldi er nauðsynleg og skiptir sjónin þar miklu máli.¹⁰ Hann segir sjálfur: „Augað sér það sem höndin gerir og tengir allt við þá heild sem heilahvelin mynda – bæði vinstra hvelið með orðagreiningu sinni og það hægra sem myndskyni sínu.“¹¹ Með því að þjálfva augað er hægt að koma í veg fyrir að barnið verði þröngsýnt og sljór neytandi en jafnframt gerir það að verkum að hugsun barnsins verður lifandi og skapandi sem ætti að auðvelda skilning á umhverfinu. Eins og sjá má skiptir umhverfið miklu máli í aðferðafræði Reggio Emilia og er hugtakið „umhverfið sem þriðji kennarinn“ komið þaðan. Malaguzzi sagði að mikilvægt væri að gera kröfur til umhverfisins

⁷ Um SARE/Reggio Emilia og Ísland; <http://www.sare.is/about/um_sare/>, skoðað 2. desember 2010.

⁸ Hugmyndafræði/Loris Malaguzzi; <http://www.sare.is/hugmynd/loris_malaguzzi/>, skoðað 2. desember 2010.

⁹ *Börn hafa hundrað mál*, bls. 71.

¹⁰ Um SARE/Reggio Emilia og Ísland; <http://www.sare.is/about/um_sare/>, skoðað 2. desember 2010.

¹¹ *Börn hafa hundrað mál*, bls. 14.

um notagildi og form, því það hvetur til samveru og frjálsræðis. Einnig veiti það ánægju og vellíðan enda er umhverfið undirstöðupáttur í uppeldinu að hans mati.¹² Malaguzzi sótti innblástur frá fjölmörgum kennismíðum eins og til dæmis John Dewey, Jean Piaget og Lev Vygotsky. Hann vildi blanda saman ólíkum þáttum eins og vísindum, listum, hugmyndaflugi og líkama og sál enda sá hann menntun sem samfélagslegt ferli og hlutdeild í menningunni.¹³

Í dag hafa margir skólar tekið upp aðferðafræði Reggio Emilia, þá „sýn sem byggir á trú á getu barna.“¹⁴ Í bókinni *Five minds for the future* segir Howard Gardner að þessi aðferðafræði geti hugsanlega verið heiminum mikilvæg vegna þess að með henni geti foreldrar beint börnum sínum í rétta átt með ákveðnum en jafnframt jákvæðum hætti.¹⁵ Einnig valdi OECD aðferðafræði Reggio Emilia eina af fimm leiðum til fyrirmyndar leikskólastarfs árið 2004.¹⁶ Eins og sjá má finnst fleirum en Leikskólanum Aðalþingi hugmyndafræði Reggio Emilia áhugaverðar, í starfsáætlun Aðalþings kemur fram að ekki sé einungis leitað til Loris Malaguzzi heldur einnig til þeirra sem höfðu áhrif á hann eins og John Dewey og kenningar hans um leikskólastarf þar sem til dæmis er farið út í lýðræði og vitund í skólum. Lev Vygotsky og kenningar hans um félagslegt nám og hlutverk leiks barna. Fram kemur að finna megi samhljóm með ýmsum hugmyndafræðingum eins og Gunnilla Dahlberg, Peter Moss, Glenda MacNaughton og Carlina Rinaldi en hún: „hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að í leikskólum sé hlustun í víðasta samhengi, viðfangsefni starfsins.“¹⁷ Einnig hefur heimspekingurinn Matthew Lipman haft áhrif á Aðalþing en hann er talinn með þeim fremstu þegar kemur að tengslum barna og heimspeki. Ennfremur kemur fram í starfsáætluninni að þessi upptalning sé aðeins brot af áhrifavöldum leikskólans og að: „leikskólastarf og hugmyndafræði er ekki hægt að meitla í stein.“¹⁸ Eða eins og Loris Malaguzzi sagði að hugmyndafræði getur ekki verið eign né haldist óbreytt, breytingar og þorski væru hennar rétta eðli.¹⁹

¹² *Börn hafa hundrað mál*, bls. 69.

¹³ Hugmyndafræði/Loris Malaguzzi; <http://www.sare.is/hugmynd/loris_malaguzzi/>, skoðað 2. desember 2010.

¹⁴ Um SARE/Reggio Emilia og Ísland; <http://www.sare.is/about/um_sare/>, skoðað 2. desember 2010.

¹⁵ Gardner, Howard: *Five minds for the future*, bls. 132.

¹⁶ OECD, starting strong curricula and pedagogies in early childhood education and care five curriculum outlines; <<http://www.oecd.org/dataoecd/23/36/31672150.pdf>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 12-15.

¹⁷ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 4.

¹⁸ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 4.

¹⁹ Hugmyndafræði/Loris Malaguzzi; <http://www.sare.is/hugmynd/loris_malaguzzi/>, skoðað 2. desember 2010.

IV. GENGÐ UM ÞINGIN

Ég var búinn að mæla mér mót við Kristínu Dýrfjörð leikskólastjóra á Aðalþingi en hún hefur verið mjög virk í skrifum um ýmis leikskólamál og ein af ástæðum þess að ég valdi Aðalþing til umfjöllunar í þessari ritgerð. Kristín er leikskólakennari til margra ára og lektor við Háskólann á Akureyri.



Leikskólinn Aðalþing

mynd 1.

1. Fyrstu kynni

Þegar ég kom að Aðalþingi blasti við mér fallett og stílhreint húsnæði með stórri lóð. Ég sá að allur snjórinn sem fallið hafði kvöldið áður var eins og nýtt leikfang enda var fjöldinn allur af börnum á útileiksvæðinu. Þegar inn var komið spurðist ég fyrir um Kristínu, ég kynnti mig og hún bauð mér inn á skrifstofu sem hún deilir með öðrum stjórnendum skólans.

Eftir stutta kynningu á verkefninu barst talið að hljóðvist á leikskólum og áhrifum á kennara og börn. Hvernig hljóð endurkastast frá mismunandi efnum og skipulag umhverfisins og leikskólastarfsins skiptir máli hvað varðar hljóðvist. Hún sagði mér að þau væru mjög heppin í þessum skóla vegna þess að hér séu svokölluð kerfisloft, sem eru loftplötur sem dempa hljóð. Kristín ásamt fleiri starfsmönnum hefur í gegnum tíðina starfað á leikskólum þar sem hljóðvistin hefur verið skelfileg en með árunum hefur fólk orðið meðvitaðra um þetta vandamál. Kristín sagðist vera mjög áhugasöm um hljóðvist og hefði lesið sér til um hana og áhrif af langvarandi hávaða. „Börnin eru hérna í afmarkaðan tíma en starfsfólkið er hérna til fjölda ára [...] þetta er vandamál. Fólk hefur verið að opna augun og taka tillit til hljóðvistar þegar verið er að hanna nýja skóla, meira heldur en áður var.“²⁰ Húsnæðið er ekki hannað sem opin skóli þ.e. lítið er um opin rými og lofthæð ekki of mikil. Þetta er gert til að hafa áhrif á hljóðvistina og koma í veg fyrir endurkast. Skólinn er ekki gamall en þrátt fyrir það eru til nýrri skólar þar sem ekkert virðist hafa verið tekið tillit til hljóðvistar. Þar er oft hátt til lofts,

²⁰ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

innanstokksmunir úr hörðum efnum sem endurkasta hljóði vel og stór rými þar sem börnin eru öll inni á sama tíma og hávaði getur oft orðið óbærilegur. Á Aðalþingi er forðast að hafa öll börnin inni í einu og er alltaf helmingur banana úti á meðan hinn er inni. Kristín sagði mér að eini tíminn sem börnin væru öll inni í einu sé á matar- og kaffitímum og að hennar mati sé mesti hávaðinn þá.²¹

2. Leiðsögn leikskólastjóra

Skólinn er fjöggra deilda/þinga skóli og um það bil 30 börn á hverri deild. Hann er hverfisskóli sem þýðir að innritun barna fer í gegnum Kópavogsbæ. Skipulaginu er þannig háttað að hver deild hefur nokkur misstór rými og fylgdu allar innréttingar, stólar og borð með húsnæðinu og þetta er að mestum hluta smíðað af Á. Guðmundssyni.

Við byrjuðum á því að fara inn í matsalinn og benti hún mér á að þar væri oft mikill hávaði í borðbúnaði og væri hún að vinna að því að reyna að finna eitthvað til að dempa hann. En það gæti ekki verið hvað sem er heldur væri krafa um fagurfræði og stöðugleika borðbúnaðs. Kristín sagði mér að borðin sem fylgdu húsnæðinu hefðu ekki verið nógu góð og samkvæmt reynslu þeirra mætti halda að þau hefðu ekki verið hugsuð til að borða við. Þau væru of mjó, engin hæðastilling og of lítið pláss fyrir hvert barn. Stólarnir væru þó skárri en þeir hefðu ekki verið hannaðir með minnstu börnin í huga því þegar öryggisgrind væri sett á stólana kæmust þeir ekki nógu nálægt borðinu og þrátt fyrir hæðastillingu stólana var þetta ávallt vandamál. Þess vegna keyptu þau sjálf borð frá barnasmiðjunni sem eru hæðastillanleg og breiðari.



Matsalur í dag

mynd 2.



Ljósaver

mynd 3.

²¹ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

Næst sýndi hún mér afar spennandi rými, svokallað ljósaver en þar stunda börnin rannsóknarvinnu og spyrja spurninga.²² Í starfsáætlun Aðalþings kemur fram að markmið ljósaversins séu:

Að þróa leik barna með ljós, skugga gegnsæi efnis og byggingarleiki. Að börnum gefist kostur á að nálgast eðlisfræði og að beita vísindalegum vinnubrögðum. Að börn eldri en þriggja ára í leikskólanum geti rætt um ljós og ljósgjafa, sett fram tilgátur og reynt þær.²³

Þetta er fyrsti leikskólinn á landinu þar sem ljósaver er í boði. Þarna inni eru myndvarpar, ýmiskonar ljósabúnaður, speglar, seglar og skuggaleikhús sem er mjög vinsælt hjá börnunum.²⁴ Ég hugsaði með mér að það hefði nú ekki verið leiðinlegt að fá að leika sér þarna þegar maður var yngri. Einnig sýndi hún mér þunglamalegar hillur sem fylgdu húsnæðinu og muninn á þeim og hillum sem hún keypti notaðar af gömlum leikskóla. Þær hillur eru framleiddar af bandaríska ríkinu og finnst henni stærð þeirra passleg. Þær eru á hjólum og oft notaðar til að búa til rými inn í rými, hillurnar eru ekki mjög háar og því auðvelt fyrir börnin að sjá í kringum sig. Efniviðurinn í hillunum er fura, sem gerir það að verkum að hljóðið skellur öðruvísi á þeim heldur en hillunum sem fylgdu. Þær eru smíðaðar af Á. Guðmundssyni og greinilega hannaðar með skrifstofur í huga en ekki inn á leikskóla þar sem stærðarhlutföll eru allt önnur.



Íslensk framleiðsla mynd 4.



Bandarísk framleiðsla mynd 5.



Rými mynd 6.


Því næst gengum við í gegnum þingin en þar var margt áhugavert að finna. Það sem ég tók strax eftir var litaval á innréttingum og hurðum. Kristín sagði mér að valdir hafi verið of dökkir og þungir litir fyrir svona lítil rými. Þau leystu þennan vanda með því að taka margar hurðir af skápum og breytti það miklu að hennar sögn. Inn á öllum þingunum eru langir

²² Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

²³ Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010, bls. 19.

²⁴ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

bekkir sem smíðaðir voru eftir erlendri fyrirmynd og hugmyndum um fjölnotahúsgögn. Þeir eru einföld grunnform sem hægt er að hafa sem bekki í samverustundum en ef þeim er ráðað saman er hægt að mynda til dæmis leiksvið. Þeir eru í stöðugri þróun og ein hugmyndin er að bæta við hirslum inn í þá. Mikið er af námsstöðvum inn á þingunum, allt frá byggingarstöðvum til leirstöðva.²⁵ Ég tók strax eftir að lítið er af hinum hefðbundna efniviði og fær ímyndunaraflið því að ráða ríkjum. Fundin er öruggur og hentugur efniviður fyrir hvert þing, yngstu börnin naga oft hluti og þau elstu skrúfa þá í sundur. Til eru svampdýnur sem notaðar eru í leik, hvíld og samverustundum. Kostirnir við þær eru hljóðdempun, mýkt, léttleiki og auðveldar í geymslu.



Bekkir

mynd 7.



Skuggaleikhús

mynd 8.

Eftir skemmtilega göngu um þingin settumst við aftur inn á skrifstofuna og ræðum málin. Kristín sagði að hægt væri að greina samtal við Reggio Emilia á Aðalþingi.²⁶ Ég var búinn að kynna mér aðferðafræðina smávegis fyrir þessa heimsókn og sá ég strax tengingar og skildi hvað hún átti við. Skuggaleikhúsið og öll þessi rannsóknarvinna þar sem litir, form og spurningar skipta miklu máli er aðeins brot af því sem hægt er að tengja við Reggio Emilia. Hún sagði að þau hiki ekki við að blanda saman gömlu og nýju og fjárfestu mikið í tækni eins og sést, því inn á öllum deildum eru tölvur.²⁷ Í aðferðafræði Reggio Emilia kemur fram að tölvur eigi að nota til að gera börnunum kleift að verða virkir forritarar. Þau eigi ekki að eltast við fullunnin forrit heldur læra að forrita og með því skilja að tölvan er háð þeim og öllu sem þau gera.²⁸

²⁵ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

²⁶ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

²⁷ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

²⁸ *Börn hafa hundrað mál*, bls. 16.

Ég velti því fyrir mér fyrir hvers konar leikskóla húsið var byggt en það er greinilegt að það var ekki hannað með Reggio Emilia aðferðafræði til hliðsjónar enda sagði Kristín:

Við lendum hér inni, sem viljum hafa opið og byrjum á því að rífa niður allar hurðar. Ég er ekkert viss um að bæjaryfirvöldum og þeim sem hönnuðu þennan skóla yrðu neitt ofboðslega glaðir hvað við værum búnar að rústa þeirra hugsun en hugsunin hentaði ekki okkur og okkar starfsemi.[...] við erum að nálgast skólann eins og við viljum hafa hann.²⁹

Ætli þetta húsnæði hefði hentað annarri aðferðafræði betur? Hver veit. Oft skiptir fagurfræðin meira máli en notagildið þegar kemur að byggingu húsnæðis en eitt er víst að margar breytingar hafa verið gerðar á Leikskólanum Aðalþingi frá því hann byrjaði.

²⁹ Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

V. VÖRULISTINN

Fram hefur komið að Kópavogsbær sá um byggingu Aðalþings, kaup á húsgögnum og innréttingum. Í viðtali við Sesselju Hauksdóttur yfirmann leikskóladeildar Kópavogs, þann 5. janúar 2011, kom fram að oft hafi hún, ásamt leikskólastjórum og framkvæmda- og tæknisviði Kópavogsbæjar, valið húsgögn og innréttingar í leikskóla. Síðastliðin ár hafi hún og leikskólastjórar þó lítið sem ekkert verið höfð með í valinu og sjái framkvæmda- og tæknisviðið alfarið um þetta núna. Ástæðan að hennar mati er sennilega sú að gert sé ráð fyrir að panta eigi eins og síðast, því engar formlegar kvartanir hafi borist, en það þýðir samt ekki að horfa eigi framhjá reynslu starfsfólks. Sesselja telur að mikilvægt sé að vanda valið á húsgögnum og finnst leitt að þróunin hafi orðið svona. Lítið hefur verið um útboð á húsgögnum heldur leitað til ákveðinna fyrirtækja og besta verð miðað við gæði valið. Oftast hefur verið leitað til Á. Guðmundssonar, Barnasmiðjunnar og Pennans.

Síðustu ár hefur Penninn boðið hagstætt verið og hefur Kópavogsbær haft mikil viðskipti við það fyrirtæki. Val á útileiktækjum er oftast í höndum Garðyrkjusviðs Kópavogsbæjar eða arkitektsins sem hannar lóðina. Undanfarin ár hafa innflutt leiktæki orðið fyrir valinu. Sesselja sagði að alltaf sé best að kaupa íslenska framleiðslu en oftast hefur verðið ekki verið eins hagstæð eins og á innfluttum húsgögnum. Samkvæmt frásögn Sesselju gengur misvel að ná góðri hljóðvist í leikskólum, hún skipti miklu máli. Kópavogsbær gerir kröfur um góða hljóðvist en það tekst ekki alltaf. Þá er reynt að bæta úr því, oft með misgóðum árangri, til dæmis hefur verið reynt að hengja eitthvað í loftin en athugasemdir frá Brunaeftirlitinu hafi komið í veg fyrir það. Leikskólarnir eru samt alltaf að reyna að finna nýjar leiðir til að dempa hávaða og hafa margar góðar hugmyndir komið fram sem verið er að prófa. Þegar ég spurði Sesselju út í viðhald talaði hún um að Kópavogsbær sæi um það á mörgum leikskólum og þar á meðal Aðalþingi. Viðhald á húsgögnum og innréttingum hafi, að hennar bestu vitund, í gegnum árin verið mjög lítið enda reynir Kópavogsbær að kaupa vandaðar og endingargóðar vörur. Að lokum forvitnaðist ég um hvort einhverjir leikskólar hafi verið hannaðir eða verið væri að hanna í samvinnu við leikskólastjóra, eða útfrá ákveðinni hugmyndafræði. Svo reyndist ekki vera en hún sagði að það væri áhugavert, bara allt of dýrt og tímafrekt miðað við ástandið í dag.³⁰

³⁰ Viðtal. Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, 5. janúar 2011.

1. Aðalþing

Samkvæmt frásögn Sesselju var mjög óheppilegt hvernig staðið var að málum á Aðalþingi. Hún kom lítið sem ekkert að vali á húsgögnum og innréttingum en hún vann mikið með arkitekt hússins sem er Sveinn Ívarsson. Hann hefur unnið mikið með Kópavogsbæ og hönnuðu þau í sameiningu Aðalþing. Markmiðið þar var að hanna húsnæði þar sem mikið væri um lítil lokuð rými. Áður fyrr hafði mikið verði byggt þar sem áhersla var lögð á stór og opin rými því var ákveðið fara aðra leið við byggingu Aðalþings. Reksturinn var síðan boðinn út og lægsta boðið tekið en óheppilegt var að hugmyndafræði Aðalþings byggir á opnum rýmum en ekki lokuðum. Sesselja segir að húsnæðið hefði sennilega hentað annarri hugmyndafræði miklu betur en ekki var hugsað út í það þegar rekstraraðilinn var valinn.³¹

2. Markaðurinn okkar

Á Íslandi er ekki mjög stór markaður fyrir leikskólahúsgögn og því kannski eðlilegt að ekki séu margir framleiðendur né seljendur hér á landi. Draga má þá ályktun að flest leikskólahúsgögn á Íslandi séu frá Á. Guðmundssyni, enda hafa þeir verið hvað lengst í bransanum.³² Barnasmiðjan hefur í gegnum tíðina framleitt eitthvað af leikskólahúsgögnum meðfram framleiðslu á útileiktækjum en snéri sér alfarið að smíði útileiktækja fyrir nokkrum árum.³³ Í góðærinu flutti Penninn inn mikið af skólahúsgögnum og fór eitthvað af þeim inn í leikskóla.³⁴ Önnur fyrirtæki hafa einnig verið að smíða og flytja inn leikskólahúsgögn en ég ákvað að tala við þessi þrjú sem nefnd eru og grennslast fyrir um leikskólahúsgögn.



Kid Chair mynd 9.

Hjá Pennanum fékk ég þau svör að lítið sem ekkert hafi selst af leikskólahúsgögnum eftir hrunið og að gengi krónunnar hefði ekki hjálpað til. Fyrir hrun var Penninn að flytja inn mikið af húsgögnum frá finnska húsgagnaframleiðandanum Isku. Aðallega hefur stólinn Kid chair, hannaður af innanhússarkitektinum Raimo Räsänen, verið keyptur. Skeljar stólsins eru úr plasti og fæturnir úr stáli en fótstigið úr viði. Hann kemur í fastri hæð og á að henta vel vinnuhæð fullorðinna. Fótstigið er stillanlegt og er hann fánlegur í nokkrum litum.³⁵ Kid chair er nokkuð stöðugur og léttur stóll að mínu mati og er sennilega gott að þrifa hann. Plastskeljarnar eru í harðari kantinum og tel ég að það gæti því verið óþægilegt að sitja í honum langtímum saman.

³¹ Viðtal. Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, 5. janúar 2011.

³² Viðtal. Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, 15. desember 2010.

³³ Viðtal. Elín Ágústsdóttir, eigandi og sölustjóri Barnasmiðjunnar, 15. desember 2010.

³⁴ Viðtal. Kjartan Aðalbjörnsson, viðskiptastjóri húsgagnasviðs Pennans, 15. desember 2010.

³⁵ Viðtal. Katrín Ólafsdóttir, viðskiptastjóri húsgagnasviðs Pennans, 14. janúar 2011.

Þegar talað var við Barnasmiðjuna kom í ljós að lítið hefur verið framleitt hjá þeim af húsgögnum í langan tíma. Sennilega er eitt þekktasta leikskólahúsgagn þeirra stólinn BOGI sem seldist vel á sínum tíma og var hann hannaður af Sigríði Heimisdóttur iðnhönnuði.



Stólinn Bogi

mynd 10.

Ákveðið var að einbeita sér að útileiktækjum vegna smæðar íslenska markaðarins en Barnasmiðjan hefur þó tekið að sér hönnun sérlausna fyrir skóla. Þýska fyrirtækið BEKA möbel sér um framleiðsluna og er Felliborð barnasmiðjunnar nýleg afurð þess samstarfs. Einnig hafa þau flutt inn leikskólahúsgögn frá enska fyrirtækinu Community playthings. Fyrirtækið sérhæfir sig meðal annars í vönduðum og endingargóðum húsgögnum úr viði og hafa íslenskir leikskólar verið að kaupa úr þeirri línu.³⁶ Útileiktæki Barnasmiðjunnar eru mjög flott og vönduð íslensk framleiðsla og því leiðinlegt að á Aðalþingi séu öll útileiktækini innflutt.

Hjá Á. Guðmundssyni hefur framleiðsla á leikskólahúsgögnum staðið yfir í 15 ár. Húsgagna- og innanhússarkitektinn Sturla Már Jónsson teiknaði fyrir um það bil 10 árum stól sem er hægt er að fá með hæðastillingu, fastri hæð og með eða án áklæðis. Skel stólsins er úr



Stóll Sturlu

mynd 11.

beyki, framleidd í Frakklandi, og fætarnir úr stáli og með stillanlegu fótstigi. Í viðtali við Guðmund Ásgeirsson, framkvæmdastjóra Á. Guðmundssonar, þann 15. desember 2010, kom fram að þrátt fyrir að vera með leikskólalínu hefur fyrirtækið aldrei farið út í neina alvöru hönnun og framleiðslu á stól fyrir yngstu börnin á leikskólum og ekki sóst í það af ýmsum ástæðum. Borðin sem framleidd eru við stóla Sturlu hafa þróast í gegnum tíðina og hægt er að fá þau ferhyrnd, trapisulaga og svokölluð bananaborð, sem tröllriðu öllu hér fyrir nokkrum árum. Í dag er reyndar minni eftirspurn eftir þeim og segir Guðmundur að hugsanlega hafi um tískubylgju verið að ræða og að þau séu plássfrekari en hefðbundin borð. Núna vilji leikskólar frekar venjulegu borðin sem hægt er að raða saman eftir þörfum. Á. Guðmundsson framleiðir staðlaðar skrifstofuhillur sem mikið hafa verið keyptar inn í leikskóla. Einnig framleiða þeir hillur sem hafa engan botn til að hægt sé að geyma kassa á hjólum undir þeim. Þetta var upprunalega gert að ósk Reykjavíkurborgar og reyndust þær svo vel að fljótt var hafin almenn framleiðsla á þeim. Samstarf hefur verið á milli Á. Guðmundssonar og leikskólastjóra í vali á húsgögnum og hafa þeir jafnvel sérsmíðað ákveðnar stærðir og annað eftir þörfum skólanna.

³⁶ Viðtal. Elín Ágústsdóttir, eigandi og sölustjóri Barnasmiðjunnar, 15. desember 2010.

Oftast komi þó kaupandinn með staðlaðan lista yfir húsgögn sem hann þarf. Vörulína fyrirtækisins hefur þróast með árunum, reynt er að fylgja markaðnum og því er þessi staðlaði listi nokkuð góður að mati Guðmundar enda ódýrast að framleiða staðlaðar vörur. Á næstunni kemur nýr skólastóll sem tekur við af stólnum hans Sturlu og er hönnuður hans Erla Sólveig Óskarsdóttir iðnhönnuður, sem unnið hefur mikið með Á. Guðmundssyni undanfarið. Þar verður hugsað um nútímalegt og fersk útlit.³⁷

Þeir aðilar sem ég talaði við selja vottaðar vörur og styðjast kaupendur oft við gátlista frá Umhverfisstofnun þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar. Í skjali frá UST kemur til dæmis fram:

Húsgögnin mega ekki innihalda plast sem blýi hefur verið bætt í.[...]Varan á að vera laus við krómaða hluti með undantekningu fyrir smáhluti eins og til dæmis lamir, hjarir, skrúfur og tappa.[...]Vottorðin á að vera hægt að rekja til þeirra vara sem útboðið fjallar um og á að vera undirritað af aðila með heimild til þess.³⁸

Fram kom hjá Barnasmiðjunni og Á. Guðmundssyni að vottunarferlið væri langt og dýrt, hjá báðum fyrirtækjunum fer það fram erlendis.³⁹ Hjá öllum fyrirtækjunum er leitast eftir að selja vandaða, hlutlausu og fjöldaframleidda hluti sem flestir leikskólar geta nýtt sér og einblína ekki á ákveðnar stefnur eða strauma.⁴⁰

³⁷ Viðtal. Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, 15. desember 2010.

³⁸ Umhverfisstofnun, umhverfisskýrði fyrir húsgögn; <http://www.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Skrifstofuhusgogn_fra_UST_050419.pdf>, skoðað 2. desember 2010, bls. 1-3.

³⁹ Viðtal. Elín Ágústsdóttir, eigandi og sölustjóri Barnasmiðjunnar, 15. desember 2010. - Viðtal. Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, 15. desember 2010.

⁴⁰ Viðtal. Elín Ágústsdóttir, eigandi og sölustjóri Barnasmiðjunnar, 15. desember 2010. - Viðtal. Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, 15. desember 2010. - Viðtal. Kjartan Aðalbjörnsson, viðskiptastjóri húsgagnasviðs Pennans, 15. desember 2010.

VI. RANNSÓKNIR OG REYNSLA

Fram hefur komið að hljóðvist skipti miklu máli og samkvæmt Umhverfisstofnun sýna hávaðamælingar í leikskólum að oft uppfylla þeir ekki kröfur um ómtíma og meðaltal hljóðstigs fari oft yfir hættumörk, sem eru 80-85 dB. Þetta er mikið áhyggjuefni, aðallega vegna þess að heyrn barna er mun viðkvæmari en fullorðinna.⁴¹ Á heimasíðu Hagstofu Íslands er talað um að árið 2006 hafi yfir 70% barna dvalið 8 klst. eða lengur á leikskóla á dag og þessi prósentu er stöðugt að hækka.⁴² Samkvæmt fyrirlestri Ágústu Guðmarsdóttur, sjúkrajálfara og MS í líf- og læknávisindum, kemur fram að á leikskólum sé efri hluti líkamans undir mestu álagi og að rétt húsgögn geti skipt verulegu máli til að minnka þetta álag. Einnig kemur þar fram að langvarandi hávaði geti haft mjög slæm áhrif og er aukin vöðvaspenna og hjartsláttur nefnt sem dæmi.⁴³

1. Málin rædd á þingi

Í viðtali við starfsfólk Aðalþings kom margt áhugavert í ljós. Talað var um að reynt sé að innleiða þá hugsun, bæði til barna og kennara, að hægt sé að nota hluti á fleiri en einn veg og séu húsgögn og innréttingar tilvalinn efniviður.⁴⁴ Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólastjóri og annar eigandi Sigöldu ehf., sagði: „Börn geta verið snillingar í að breyta hlut í eitthvað lifandi.“⁴⁵ Hlutverkaleikir eru því vinsælir þar sem húsgöng eru notuð sem leikmunir. Börnunum finnst gaman að búa til hús með því að setja teppi yfir borð og með því skapa ný og spennandi rými þar sem nota þarf vasaljós til að sjá. Dýnur eru vinsælt byggingarefni og eru hillur mikið notaðar í leik. Greinilegt var að starfsfólkið var hrifnara af gömlu hillunum, sagt var að hillurnar sem fylgdu húsnæðinu væru of djúpar og háar. Fannst þeim að það vantaði fleiri fjölnota hluti sem auðvelt væri að færa til og hugsanlega á hjólum. Fram kom að bekkirnir, sem Kristín sýndi mér, eru mikið notaðir og vinsælir til að breyta umhverfinu fyrir leik eða samverustund. Leitast er eftir að hafa hluti í hæð barnanna svo þau geta tekið og gengið frá sjálf. Þetta eykur sjálfstraust og minnkar álag að sögn starfsfólksins. Einnig virtist hæðastilling á borðum og stólum skipta máli og auðvelda vinnu. Vandamál sé þó þegar borðin eru í hæðstu stillingu þá verða þau óstöðug. Að lokum var staðfest að hávaði er mestur fyrir

⁴¹ Umhverfisstofnun, hljóð og hávaði; <http://www.ust.is/oryggi/Hljod_og_havadi/>, skoðað 2. desember 2010.

⁴² Hagstofa Íslands, fréttir; <<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=2459>>, skoðað 2. desember 2010.

⁴³ Kennarasamband Íslands, efst á baugi; <<http://ki.is/Leitarnidurstodur?query=vinnuumhverfi>>, skoðað 4. nóvember 2010.

⁴⁴ Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, Heiðbjört Gylfadóttir, Helga Hreiðarsdóttir, Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, starfsmenn Aðalþings, 7. janúar 2011.

⁴⁵ Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólastjóri Aðalþings, 7. janúar 2011.

matar- og kaffitíma og seinnipart dags þegar börnin eru orðin þreytt. Langvarandi hávaði hefur að mati starfsfólksins bæði áhrif á það og börnin og getur leitt til þess að börnin verða fyrir þreytt og óþolinmóð. Á starfsfólkið lýsir þetta sér með mikilli þreytu og orkuleysi í lok dags.⁴⁶

2. Hugflæði

Ég tel að til þess að komast inn á leikskólamarkaðinn þarf húsgagnið að vera ódýrt í framleiðslu. Því samkvæmt rannsóknnum mínum endar valið oftast með hagstæðasta verðinu en ekki fallegasta hlutnum. Einnig kom fram að húsgagnið þarf að uppfylla ýmsar óskir, kröfur og vottanir. Ég tel að mikilvægt sé að skoða hugmyndafræði leikskólanna því þrátt fyrir að þær séu mismunandi er margt svipað með þeim. Einnig finnst mér að það verði að brjótast út úr þessari ofnotkun á grunnlitunum. Fullorðnir halda oft að skærir og sterkir litir séu skemmtilegri fyrir börnin en ekkert bendir til þess. Fram hefur komið í rannsóknnum að börn bregðast betur við náttúrulegri og mýkri litum.⁴⁷ Þess vegna tel ég að rétt samsetning á litum geti haft jákvæð áhrif á barnahóp án þess að trufla þau í leik.

Notkunarmöguleikar skipta stöðugt meira máli og finnst mér nauðsynlegt að hægt sé að nota húsgagnið á fleiri en einn hátt. Ég tel að ekki eigi að hugsa um stól sem bara stól heldur einnig sem mikilvægan þátt í ævintýraleikjum barnanna. Einnig tel ég að hægt sé að hafa meiri áhrif á hljóðvist og notkun með því að prófa og rannsaka meira mismunandi samsetningar efniviðar á leikskólum. Viður er hlýr og mjúkur viðkomu en getur verið dýr og þungur. Plast er hart og kalt en líka létt og slitsterkt. Finna þarf millivegin og dettur mér til dæmis í hug sterk og létt álgrind húðuð með mjúku en slitsterku Polyurethan efni. Stærðin skiptir líka verulegu máli því ekki þýðir að hanna eitthvað sem er gott fyrir fullorðna og minnka það síðan í barnastærð. Margir hafa klikkað á þessu og finnst mér að það þurfi að beygja sig niður og sjá heiminn með augum barnanna. Ef markaðurinn er skoðaður út frá þörfum leikskólakennarans þá er verið að reyna að hækka barnahúsgögn upp í viðunnandi vinnuhæð en með misjöfnum árangri. Hæðastilling getur til dæmis valdið óstöðuleika eins og sést hefur á Aðalþingi.⁴⁸ Einnig hafa komið fram áhyggjur af því að gengið hafi verið of langt í hæð barnastóla, að það þurfi stanslaust að vera að lyfta börnunum og að slysaætta sé

⁴⁶ Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, Heiðbjört Gylfadóttir, Helga Hreiðarsdóttir, Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, starfsmenn Aðalþings, 7. janúar 2011.

⁴⁷ *Children, spaces, relations: metaproject for an environment for young children*, bls. 60-69.

⁴⁸ Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, Heiðbjört Gylfadóttir, Helga Hreiðarsdóttir, Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, starfsmenn Aðalþings, 7. janúar 2011.

meiri.⁴⁹ Spurning er hvort ekki sé hægt að finna hæð þar sem leikskólakennarinn situr þægilega en samt nógu neðarlega til að það hafi ekki áhrif á börnin. Ef Aðalþing er skoðað tel ég að ný borð og stólar geti haft mikil áhrif ef farið væri eftir ofantöldu. Hugsanlega væri gott að finna efnivið útfrá þörfum á matmáls- og kaffitímum þar sem álag er mikið og hávaði mestur. Finna bestu notkunarmöguleikana út frá reynslu starfsfólks og ímyndunarafli barnanna. Rými og hugmyndafræði myndi svo að lokum hafa áhrif á litaval og útlit.

⁴⁹ Viðtal. Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, 5. janúar 2011.

VII. NIÐURSTÖÐUR

Nokkuð er víst að þegar fjalla á um áhrif húsgagna á leikskólum er nauðsynlegt að gera sér góða grein fyrir því í upphafi að íslenski markaðurinn er lítill og verðlag ræður miklu. En eins og fjallað hefur verið um hafði góðærið mikil áhrif á innkaup á skólahúsgögnum og bitnaði það á íslenskum húsgagnaframleiðslufyrirtækjum. Einnig er mikilvægt að átta sig á að í dag eru tímar niðurskurðar og reynt er að spara hverja krónu. Þetta gerir það að verkum að lítið hefur verið selt af leikskólahúsgögnum og nýjungar af skornum skammti. Það er því ástæða til að hafa þetta í huga í umfjöllun sem þessari.

Eins og fram kom í upphafi voru markmiðin að kanna hvort húsgögn hafi áhrif á starfsemi Leikskólans Aðalþings, bæði börn og kennara. Athuga hvort og þá hvernig hugmyndafræði leikskólans hafi áhrif á val og notkun innanstokksmuna. Skoða hvað er í boði herna heima og hvað væri hægt að gera að mínu mati. Þegar á heildina er lítið má telja að húsgögn hafi mikil áhrif á umhverfið á Aðalþingi, bæði góð og slæm. Val Kópavogsbæjar á húsgögnum hefur ekki auðveldað starfið á leikskólanum en hugsanlega gert það að verkum að meira er nú hugsað út í hvað keypt er. Mörg upprunaleg borð hafa vikið fyrir hæðastillanlegum og breiðari borðum, sem létta líkamlegt álag starfsmanna og einnig barna. Hljóðvist er nokkuð góð í húsinu en hávaði og endurkast frá innanstokksmunum mætti bæta. Fram kom að langvarandi hávaði hefur áhrif á starfsfólk og börn en það lýsir sér aðallega í þreytu og orkuleysi. Hvað varðar hugmyndafræðilega stoðir skólans þá er mikið lagt upp úr tilraunum í umhverfinu og leggja rækt við ímyndunaraflíð. Skólinn hefur því ákveðna sýn þar sem umhverfið skiptir miklu máli. Þetta gerir það að verkum að mikið er lagt í áhugaverða innanstokksmuni og eru húsgögn oft notuð í leik til að þroska ímyndunaraflíð. Tekið var fram að fjölnotahugsun væri á leikskólanum og að slík húsgögn myndu sennilega passa vel þar inn. Reynslan hefur sýnt að hæð hluta skiptir miklu máli og auðveldar aðgang barna að efniviðnum sem gerir þau sjálfstæðari og minnkar álag á starfsfólk. Heimsóknir til húsgagnaframleiðenda og innflytjenda leiddi það í ljós að mest er keypt eftir stöðluðum listum og lítið um breytingar á þeim milli kaupenda, þrátt fyrir gagnrýnisraddir. Eftir að hafa skoðað íslenska markaðinn finnst mér ennþá langt í land hvað varðar til dæmis fjölnotahugsun, litaval og prófanir á nýjum efnum með hljóðvist að leiðarljósi.

Að lokum má benda á að þrátt fyrir að aðeins einn leikskóli hafi verið tekinn fyrir og hugmyndafræði hans, endurspeglast margra ára, jafnvel áratuga, leikskólareynsla í vali og notkun á innanstokksmunum. Í dag eyða börn miklum tíma á leikskólum og segja margir að

Þar hefjist meðal annars þroski einstaklingsins. Samfélaginu ber því skilda að nýta þessa þekkingu betur bæði í hönnun og framleiðslu leikskólahúsgagna. Hættum að horfa niður úr skýjum fullorðinsáranna á staðlaða stóla og borð. Svífum frekar niður og lærum hvernig framtíð okkar skapar ævintýralegar furðuverur og töfrandi hella þar sem allt getur gerst.

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir

Börn hafa hundrað mál. Aðalsteinn Davíðsson þýddi. Reykjavík, Menntamálaráðuneyti Íslands, 1988.

Children, spaces, relations: metaproject for an environment for young children. Giulio Ceppi og Michele Zini ritstýrðu. Reggio Emilia, Reggio children, 1998.

Gardner, Howard: *Five minds for the future.* Boston, Harvard Business School Press, 2006.

Munnlegar heimildir

Viðtal. Elín Ágústsdóttir, eigandi og sölustjóri Barnasmiðjunnar, 15. desember 2010.

Viðtal. Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundssonar, 15. desember 2010.

Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólastjóri Aðalþings, 7. janúar 2011.

Viðtal. Guðrún Alda Harðardóttir, Heiðbjört Gylfadóttir, Helga Hreiðarsdóttir, Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, starfsmenn Aðalþings, 7. janúar 2011.

Viðtal. Katrín Ólafsdóttir, viðskiptastjóri húsgagnasviðs Pennans, 14. janúar 2011.

Viðtal. Kjartan Aðalbjörnsson, viðskiptastjóri húsgagnasviðs Pennans, 15. desember 2010.

Viðtal. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og lektor við Háskólann á Akureyri, 4. nóvember 2010.

Viðtal. Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, 5. janúar 2011.

Vefheimildir

Aðalnámskrá leikskóla-drög, námsumhverfi; <<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/leikskolar--namskrardrog/>>, skoðað 2. desember 2010.

Aðalþing starfsáætlun skólaárið 2009-2010; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/skyrslur/>>, skoðað 2. desember 2010.

Hagstofa Íslands, fréttir; <<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=2459>> , skoðað 2. desember 2010.

Hugmyndafræði/Loris Malaguzzi; <http://www.sare.is/hugmynd/loris_malaguzzi/> , skoðað 2. desember 2010.

Kennarasamband Íslands, efst á baugi; <<http://ki.is/Leitarnidurstodur?query=vinnuumhverfi>>, skoðað 4. nóvember 2010.

OECD, starting strong curricula and pedagogies in early childhood education and care five curriculum outlines; <<http://www.oecd.org/dataoecd/23/36/31672150.pdf>>, skoðað 2. desember 2010.

Sigalda ehf., forsiða; <http://sigalda.is/index.php?option=com_content&view=frontpage&Itemid=1>, skoðað 1. desember 2010.

Um Aðalþing; <<http://www.adalthing.is/index.php/um-adalthing/>>, skoðað 1. desember 2010.

Umhverfisstofnun, hljóð og hávaði; <http://www.ust.is/oryggi/Hljod_og_havadi/>, skoðað 2. desember 2010.

Umhverfisstofnun, umhverfisskilyrði fyrir húsgögn; <http://www.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Skrifstofuhusgogn_fra_UST_050419.pdf>, skoðað 2. desember 2010.

Um SARE/Reggio Emilia og Ísland; <http://www.sare.is/about/um_sare/>, skoðað 2. desember 2010.

Myndaskrá

Mynd 1. Ljósmynd fengin af vefsíðu; <<http://sigalda.is/images/skoli.jpg>>, sótt 14. janúar 2011.

Mynd 2. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 3. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 4. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 5. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 6. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 7. Ljósmynd Almars Alfreðssonar,myndað á leikskólanum Aðalþingi, tekin 7. janúar 2011.

Mynd 8. Ljósmynd fengin af vefsíðu;
<<http://www.adalthing.is/files/cache/6467efe2b01ee1b8064456127cf11f3b.JPG>>, sótt 14. janúar 2011.

Mynd 9. Ljósmynd Almars Alfreðssonar, myndað í húsgagnadeild Pennans, tekin 15. janúar 2011.

Mynd 10. Ljósmynd fengin af vefsíðu;

<<http://www.mbl.is/mm/myndasafn/img/59/400x400/MBL0033739.jpg>>, sótt 14. janúar 2011.

Mynd 11. Ljósmynd fengin af vefsíðu;

<http://ag.tonaflod.is/FileLib/Myndir/sidur/leikskolahusgogn/storar/46_sk4_4.jpg>, sótt 14. janúar 2011.